



HRUNAMANNAHREPPUR

6. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 11. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. NÓVEMBER 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 4. nóvember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir kosningu fulltrúa í samráðshóp uppsveita vegna samstarfs í æskulýðs- og íþróttamálum og aukaaðalfundarboð hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

Dagskrá fundarins:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010.
2. Þjóðskrá Íslands. Stjórnlagabing.
3. Félagsmiðstöðin Zero. Drög að samstarfssamningi.
4. Eftirlitsmyndavélar.
5. Refaveiðar.
6. Yfirfærsla eignahluta ríkisins á skólabyggingum til sveitarfélaga.
7. Nefndarsvið Alþingis. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum.
8. Nefndarsvið Alþingis. Umsögn um frumvarp til laga um verndunar- og nýtingaráætlun vegna virkjana fallvatna og jarðhita.
9. Nefndarsvið Alþingis. Umsögn um frumvarp til laga um barnaverndarlög.
10. Nefndarsvið Alþingis. Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki og um brunavarnir.
11. Nefndarsvið Alþingis. Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál.
12. Aðalskipulag: Laufskálabyggð.
13. Aðalskipulag: Garðastígur.
14. Söluferli Límtrés-Vírnets hf.
15. Vinnuhópur um framtíðarskipan í félagsþjónustu Uppsveita Árnessýslu og Flóa.
16. Bakkatúnsvegur.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. Veitustjórn: 5. fundur stjórnar frá 25. október s.l.
18. Fræðslunefnd. 5. fundur vegna Leikskóla frá 27. október s.l.
19. Fræðslunefnd. 7. fundur vegna Flúðaskóla frá 27. október s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

20. 28. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 21. október s.l. og 53. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 6. október s.l.
21. Aðalfundur skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. frá 19. október s.l.
22. Félagsþjónusta: 129. fundur félagsmálanefndar frá 8. október s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Búfjáreftirlit: Fundargerð búfjáreftirlitsnefndar á búfjáreftirlitssvæði nr. 30 frá 6. október s.l.
- b. Búfjáreftirlit: Fundargerð búfjáreftirlitsnefndar á búfjáreftirlitssvæði nr. 30 frá 20. október s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 194. stjórnarfundar frá 7. október s.l.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 195. stjórnarfundar frá 19. október s.l.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 124. stjórnarfundar frá 4. október s.l.
- f. Héraðsráð: Fundargerð 168. fundar 7. sept. sl.
- g. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fundargerð 5. aðalfundar frá 13. september s.l.

h. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 295. Stjórnarfundar frá 5. október s.l.

Kynningarmál:

- i. Breyting á greiðsluskilmálum lánasamnings.
- j. Fornleifanefnd ríkisins. Deiliskipulag í Götum. Umsögn.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerðir 777. fundar frá 22. september s.l., 778. fundar frá 29. september s.l. og 779. fundar frá 13. október s.l.
- l. Velferðavaktin. Áskorun frá velferðavaktinni.
- m. Umborðsmaður barna. Leikskólaganga barna og vanskil foreldra.
- n. FÍSOS. Félag íslenskra safna og safnmanna.
- o. Lögreglufélag Suðurlands. Ályktun.
- p. Hjúkrunar- og ljósmæðraráð Hsu. Ályktun.
- q. Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga. Áætluð áhrif nýrra reglna á úthlutun úr Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga fyrir árið 2011.

Skýrsla á skrifstofu

r. Samgönguráðuneytið: Ársskýrsla Jöfnunarsjóður sveita 2009-2010.

Genqið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010.
Oddviti lagði fram tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun hreppsins. Vísað er til framlagðra gagna sem Einar Sveinbjörnsson hjá KPMG hefur tekið saman. Hreppsnefnd samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.
2. Þjóðskrá Íslands. Stjórnlagaping.
Oddviti kynnti bréf frá Þjóðskrá Íslands. Þar er tilkynnt að kosningar til stjórnlagapings fari fram þann 27. nóvember nk. og að tilkynningar um lögheimilisbreytingar þurfa að berast Þjóðskrá þremur vikum fyrir kjördag. Hreppsnefnd ákveður að kjörstaður verði í Félagsheimilinu og felur sveitarstjóra að árita kjörskrá og að auglýsa kjörskrá og kjörfund í samráði við kjörstjórn.
3. Félagsmiðstöðin Zero. Drög að samstarfssamningi.
Oddviti kynnti drög að samstarfssamningi milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna reksturs og samstarfs vegna Félagsmiðstöðvarinnar Zero. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi drög í samræmi við umræður á fundinum og felur oddvita að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.
4. Eftirlitsmyndavélar.
Oddviti kynnti málið. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að skoða möguleika og kostnað á að koma upp eftirlitsmyndavélum í stofnunum sveitarfélagsins með möguleika á umferðarmyndavél á Flúðum með aðkomu hagsmunaaðila.
5. Refaveiðar.
Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisstofnun og greinargerð frá Jóni Óla refaskyttu. Ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslum frá ríkinu vegna refaveiða á fjárlögum 2011. Hreppsnefnd mótmælir harðlega niðurskurði á móttframlagi ríkisins til refaveiði. Offjölgun refa er umhverfissvandamál á landsvísi sem er samfélagslegt mál en ekki eingöngu vandamál sveitarfélaga. Vandséð er að sveitarfélög hafi fjármagn til að sinna óbreyttum refaveiðum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við refaveiðimenn sveitarfélagsins um breyttar forsendur vegna refaveiða.
6. Yfirlýsing eignahluta ríkisins á skólabyggingum til sveitarfélaga.
Oddviti kynnti yfirlýsingu og afsal frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu vegna grunnskólabygginga en afhenda á sveitarfélaginu húsnæði Flúðaskóla til fullrar eignar frá og með 1. des. nk. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að undirrita yfirlýsinguna og afsalið f.h. sveitarfélagsins.
7. Nefndarsvið Alþingis. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum.
Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum. Hreppsnefnd vísar málinu til veitustjórnar til umsagnar.
8. Nefndarsvið Alþingis. Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjana fallvatna og jarðhita.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjana fallvatna og jarðhita. Hreppsnefnd vísar málinu til veitustjórnar til umsagnar.

9. Nefndarsvið Alpings. Umsögn um frumvarp til laga um barnaverndarlaga.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarps til barnaverndarlaga. Hreppsnefnd vísar málinu til umsagnar félagsmálanefndar.

10. Nefndarsvið Alpings. Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki og um brunavarnir.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn vegna frumvarpa um mannvirki og um brunavarnir. Hreppsnefnd bendir á að í 27. gr. frumvarpsins er gert ráð það þurfi nánast undantekningarlaust að vera sér byggingastjóri fyrir hverja fasteign. Í hinum dreifðu byggðum er þetta nánast óframkvæmanlegt og til þess fallið að valda einstaklingum sem byggja venjuleg hús verulegum kostnaði. Skynsamlegt er að sami einstaklingur geti verið byggingaraðili og byggingastjóri á smærri byggingum svo sem venjulegum einbýlishúsum. Þá telur hreppsnefnd að það séu engin rök til þess að hafa sér byggingastofnun heldur eigi að vera ein byggingar- og skipulagsstofnun sem hljóti að hafa í för með sér umtalsverðan sparnað fyrir ríkið.

11. Nefndarsvið Alpings. Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál.

Oddviti lagði fram beiðni um umsögn Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið og fagnar því að auðvelda eigi fólki að kaupa hús á kaupleigu.

12. Aðalskipulag: Laufskálabyggð.

Oddviti kynnti ósk Verkfræðistofu Suðurlands fyrir hönd landeiganda Laufskálabyggðar að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 verði breytt varðandi Laufskálabyggð. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem frístundasvæði en eigandi landsins hefur hug á að breyta því í íbúðabyggð. Hreppsnefnd telur ekki rök fyrir því að breyta aðalskipulagi vegna Laufskálabyggðar. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að festa sé í skipulagsmálum. Í öðru lagi er þetta svæði skilgreint utan þéttbýlis Flúða og ekki hefur staðið til að útvíkka það svæði að sinni. Í þriðja lagi liggur frístundasvæðið í Laufskálabyggð að öðru frístundasvæði og garðyrkjulóðum og þegar Laufskálabyggð var skilgreind í skipulagi sem frístundabyggð var það einmitt gert með það í huga að svæðið yrði hluti af heild þannig að ekki kæmi upp ágreiningur milli nágranna um notkun á svæðinu. Í fjórða lagi hafa þau hús sem hafa risið í Laufskálabyggð verið byggð skv. skilmálum byggingareglugerðar um frístundahús en ekki íbúðarhús. Í ljósi þessa alls hafnar hreppsnefnd erindinu.

13. Aðalskipulag: Garðastígur.

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 innan þéttbýlisins á Flúðum. Í breytingunni felst að um 1,3 ha svæði við Ljónastíg er skilgreint sem íbúðarsvæði (A14) í stað landbúnaðarsvæðis. Á svæðinu eru þegar 3 íbúðarhús en gert er ráð fyrir fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum í viðbót við götuna. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að kynna aðalskipulagsbreytinguna skv. 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.

14. Söluferli Límtrés-Vírnet.

Oddviti kynnti málið og fór yfir stöðu þess. Stofnað hefur verið hlutafélag með þátttöku sveitarfélagsins til að vinna að því að mynda hóp til að gera tilboð í Límtré-Vírnet. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna áfram að framgangi verksins og samþykkir að taka þátt í kostnaði vegna undirbúningsvinnunnar.

15. Vinnuhópur um framtíðarskipan í félagsþjónustu Uppsveita Árnassýslu og Flóa.

Oddviti kynnti málið og að stofna ætti vinnuhóp með Hveragerði og sveitarfélagsins Ölfus til að vinna að sameiningu/samvinnu í félagsþjónustu á svæðinu. Hreppsnefnd samþykkir að stofnaður verði vinnuhópur til að vinna áfram að málinu sem í væri formaður félagsmálanefndar og félagmálafulltrúi sveitarfélagsins.

16. Bakkatúnsvegur.

Oddviti fór yfir stöðu málsins varðandi Bakkatúnsveg. Með úrskurði Úrskurðanefndar skipulags- og byggingarmála frá 16. mars. s.l. voru kæruleiðir

tæmdar. Hreppsnefnd samþykkir því að vísa málinu til matsnefndar eignanámsbóta til ákvörðunar á bótafjárhæð á því landi sem hreppsnefnd ákvað að taka eignarnámi á fundi sínum þann 7. janúar 2009. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og Helga Jóhannessyni, hæstaréttarlögmanni að senda inn erindi til Matsnefndar eignanámsbóta.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

17. Veitustjórn: 5. fundur stjórnar frá 25. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir umsóknir um kalt vatn í sumarhús við Galtafell, á Reykjabæi og í Reykjadal, farið var yfir verkefni og ósk varðandi rannsóknarverkefni um virkjun jarðhita á Reykjaflöt og rætt var um bændavirkjanir og hreinsistöðina. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

18. Fræðslunefnd. 5. fundur vegna Leikskóla frá 27. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna leikskóla. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra, starfsmannamál og fjárhagsáætlun rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

19. Fræðslunefnd. 7. fundur vegna Flúðaskóla frá 27. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólustjóra, drög að fjárhagsáætlun rædd, erindisbréf fyrir fræðslunefnd, talþjálfun barna, skólanámskráin rædd, fjallað um styrkumsókn fá Myndlistarskóla Uppsveita, stefnumótun sveitarfélaga í skólamálum. Í liðnum önnur mál var fjallað um forvarnardaginn og tekin fyrir beiðni skólustjóra um starfsmann í íþróttahús og sundlaug þegar íþróttakennsla fer fram. Hreppsnefnd telur rétt að skoða starfsmannamál í sundlaug og íþróttahúsinu í stærra samhengi varðandi fyrirkomulag starfsmannamála í stofnunum sveitarfélagsins og felur sveitarstjóra að vinna að málinu. Varðandi Myndlistarskóla Uppsveita samþykkir hreppsnefnd að vísa málinu til fjáráætlunargerðar. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

20. 28. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. október s.l. og 53. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 6. október s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 28. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 21. október 2010 en þar er fjallað um 5 mál fyrir Hrunamannahrepp. Farið var yfir mál nr. 4 þar sem samþykkt var fundargerð 53. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa þar sem 6 mál snertu Hrunamannahrepp, mál nr. 5 sameining landspilda í Syðra-Langholti sem var samþykkt, mál nr. 11 deiliskipulagsbreyting vegna stækkunar á lóð í Álftabyggð á Efra-Seli sem var samþykkt, mál nr. 12 jarðamörk Hlíðar þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við afmörkun jarðarinnar með fyrirvara um samþykki allra aðliggjandi landeiganda og mál nr. 13 deiliskipulag vegna íbúðarhúss og hesthúss í Syðra-Langholti sem var samþykkt.

Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina.

21. Aðalfundur skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. frá 19. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar skipulags- og byggingarfulltrúaembættis frá 19. október 2010. *Breytingar voru gerðar á samþykktum byggðasamlagsins og staðfestir hreppsnefnd þær breytingar. Einnig þarf að tilnefna fulltrúa sveitarfélagsins í stjórn byggðasamlagsins og samþykkir hreppsnefnd að Ragnar Magnússon verði fulltrúi sveitarfélagsins og Halldóra Hjörleifsdóttir til vara.* Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

22. Félagsþjónusta: 129. fundur félagsmálanefndar frá 8. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 129. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.

Önnur mál:

23. Skipan fulltrúa í samráðshóp Uppsveita Árnassýslu vegna samstarfs í Æskulýðs- og íþróttamálum.

Oddviti kynnti myndun samráðshóps vegna samstarf í æskulýðs og íþróttamálum með uppsveitum Árnassýslu. Hreppsnefnd tilnefnir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóra sem sinn fulltrúa í samráðshópinn.

24. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands.

Oddviti kynnti fundarboð á aukaaðalfund Atvinnuþróunarfélags Suðurlands sem haldinn verður þann 3. des. nk. Hreppsnefnd tilnefnir Ragnar Magnússon, Halldóru Hjörleifsdóttur og Esther Guðjónsdóttur sem aðalmenn á fundinn en Unnstein Loga Eggertsson, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóra sem varamenn.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Búfjáreftirlit: Fundargerð búfjáreftirlitsnefndar á búfjáreftirlitssvæði nr. 30 frá 6. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- b. Búfjáreftirlit: Fundargerð búfjáreftirlitsnefndar á búfjáreftirlitssvæði nr. 30 frá 20. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 194. stjórnarfundar frá 7. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 195. stjórnarfundar frá 19. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 124. stjórnarfundar frá 4. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- f. Héraðsráð: Fundargerð 168. fundar 7. sept. sl. Fundargerð lögð fram.
- g. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fundargerð 5. aðalfundar frá 13. september s.l. Fundargerð lögð fram.
- h. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 295. Stjórnarfundar frá 5. október s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- i. Breyting á greiðsluskilmálum lánasamnings. Lagt fram til kynningar.
- j. Fornleifanefnd ríkisins. Deiliskipulag í Götu. Umsögn. Lagt fram til kynningar.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerðir 777. fundar frá 22. september sl., 778. fundar frá 29. september s.l. og 779. fundar frá 13. október s.l. Lagt fram til kynningar.
- l. Velferðavaktin. Áskorun frá velferðavaktinni. Lagt fram til kynningar.
- m. Umborðsmaður barna. Leikskólaganga barna og vanskil foreldra. Lagt fram til kynningar.
- n. FÍSSOS. Félag íslenskra safna og safnmanna. Lagt fram til kynningar.
- o. Lögreglufélag Suðurlands. Ályktun. Lagt fram til kynningar.
- p. Hjúkrunar- og ljósmæðraráð Hsu. Ályktun. Lagt fram til kynningar.
- q. Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga. Áætluð áhrif nýrra reglna á úthlutun úr Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga fyrir árið 2011. Lagt fram til kynningar

Varðandi ályktanir Lögreglufélags Suðurlands og Hjúkrunar- og ljósmæðraráðs Hsu þá tekur hreppsnefnd heilshugar undir þau sjónarmið.

Fundir framundar

- r. Aukaaðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 3. des.

Skýrsla á skrifstofu

- s. Samgönguráðuneytið: Ársskýrsla Jöfnunarsjóður sveita 2009-2010.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:00